

Læsisstefnan - Orðasnilli

Ída Björg Unnarsdóttir

Leikskólinn Sjáland

„Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt“

(Aðalnámskrá, 2011, bls. 28)

Leikskólinn Sjáland starfar eftir eigin hugmyndafræði sem nefnist Fjölvisistefnan. Hún byggir á Fjölgreindakenningu Howard Gardner, en ein af greindum hans er málgreind sem skólinn hvetur kennara til að efla í öllu starfi með börnunum.

Til að efla málgreindina enn frekar er unnið eftir læsisstefnu leikskólans sem kallast Orðasnilli. Í henni felast þættir eins og sögustundir, markviss málörvun, Lubbi finnur málbein, TMT (tákn með tali), bókasafnið okkar og stafa-og hljóðainnlögn á skólakjarna. Einnig hafa verið unnin ýmis málörvunahefti af sérkennslu. Í daglegu starfi eru kennarar hvattir til þess að tala við börnin og setja orð á athafnir sínar til að auka orðaforða barnanna enn meira. Til þess að tryggja að unnið sé með ofangreinda þætti og eru þeir hluti af vikuáætlun sem kennarar fylla út og styðjast við í vinnu sinni í hópatímum.

Markmið læsisstefnunnar:

- Efla orðaforða barna og skilning þeirra
- Vinna með málið okkar í gegnum leikinn
- Læra texta og þulur
- Efla hljóðkerfisvitund barnanna
- Mæta einstaklingunum þar sem þeir eru staddir
- Leggja inn Tákn með tali í öllum leikskólanum

Þær leiðir sem farnar eru í til að ná markmiðum læsisstefnunnar:

Lubbi finnur málbein:

Markmið námsefnisins er að kynna fyrir börnunum íslensku máhljóðin í gegnum leik og söng. Við höfum skipt efninu niður þar sem Græni- og Gulikjarni vinna með máhljóð stafsins, tákni stafsins og Lubba lag sem tengist hljóðinu. Rauði- og Bláikjarni vinna með máhljóðið, táknið, lagið, Lubba saga lesin og skoðuð orð sem byrja á máhljóðinu. Á Gula- og Græna og Rauða- og Bláakjarna er lagt inn eitt máhljóð (stafur) í hverri viku og unnið með það út vikuna. Á Yngrikjarna verður efnið kynnt fyrir börnum í hópatímum og verður lögð áhersla á Lubbalögin hjá þeim.

Guli- og Grænikjarni:

Leggja inn hljóðin samkvæmt skipulagi. Lagt inn á mánudegi eða þriðjudegi í hópatíma fyrir hvern hóp fyrir sig.

- Lagt inn hljóðið
- Táknið
- Lagið

Unnið með hljóðið og táknið alla vikuna. Sá hópur sem leggur inn hljóðið fyrst hengir upp stafinn og táknið.

Blái- og Rauðikjarni:

Leggja inn hljóðin samkvæmt skipulagi. Lagt inn á mánudegi eða þriðjudegi í hópatíma fyrir hvern hóp fyrir sig.

- Leggja inn hljóðið
- Táknið
- Lagið
- Sagan
- Orðið

Unnið með hljóðið og táknið alla vikuna. Sá hópur sem leggur inn hljóðið fyrst hengir upp stafinn og táknið.

Sögustund:

Á hverjum degi er sögustund í hópatíma hjá öllum kjörnum þar sem er unnið með orðaforða, hlustunarskilning, málþroska og félagsþroska. Sögustund snýr að aukningu orðaforða í gegnum bækur. Við val á bókum í bókasafnið er haft í huga hvernig bækur við erum að bjóða börnunum. Leitast var við að hafa bækur með vönduðu málfari, fjölbreyttu og fræðandi efni og er bókasafninu skipt upp eftir því hvaða aldri bækurnar henta. Börnin eru hvött til að vera virk og spurja spurninga og taka þannig þátt í sögustundinni. Í leikskólanum Sjalandi er sögustund á

hverjum degi þar sem unnið er með bækur í hópatíma. Í sögustundinni er unnið með orðaforða, hlustunarskilning, málþroska og félagsþroska.

Sögustund:

- Kennari velur hvaða bók er valin og les hana fyrir sögustundina
- Kennari velur hvaða orð á að leggja inn tvö til þrjú orð úr hverri bók
- Bókin er lesin/sagan sögð
- Stoppað við orð sem gætu vakið spurningar
- Stoppað við orðin sem kennarinn hefur ákveðið að leggja inn
- Skrifa orðin á miða og sýna börnunum hvernig það er skrifað þau síðan fest upp á vegg
- Ræða hvað orðið þýðir, hvernig við notum það og fá börnin til að vera virk í umræðum
- Vinna með orðið í leik til dæmis að leika það
- Unnið er með orðið í daglegu starfi og það notað í samræðum
- Kennari skrifar orðin og merkingu þess á blað aftast í bókinni

Hafa í huga:

- Ekki er nauðsynlegt að lesa heila bók í hverri sögustund
- Gefa börnunum tækifæri til að tala saman og taka þátt í umræðum þar sem kennarinn hlustar og spyr spurninga.

Markviss Málörvun:

Námsefni sem kennt er í leikskólum í Garðabæjar. Með Markvissri málörvun er verið að efla hljóðkerfisvitund barna í gegnum leikinn og unnið með rím, leikið með orð, hljóð og stafi. Það eru Blái - Rauði- og Skólakjarni sem vinna með Markvissa málörvun í hópatíma tvisvar í viku. En búið er að skipta bókinni niður á kjarnanna þannig að Rauði- og Bláikjarni fara yfir tvo fyrstu kaflana og Skólakjarni fer yfir það sem við á og stöðu barnanna.

Hljóðainnlögn/stafainnlögn:

Í leikskólanum er það ekki markmiðið að börnin verði læs þegar þau fara frá okkur í grunnskóla heldur að leggja grunninn að lestrarfærni þeirra. Einn af þeim þáttum sem snýr að lestrarfærninni eða að vinna með hljóðin, hvernig þau tengjast stöfunum og leika sér með þau. Reyndar eru lagðir inn stafir eftir hljóðaaðferðinni, þeir skrifaðir og leikið með þá en það fer allt eftir áhuga barnanna hversu langt þau fara. Okkar reynsla er sú að með því að leggja grunninn og vinna með stafina og hljóðin þá eru börnin fljót að tileinka sér tæknina sem þarf til að lesa sér til gagns.

TMT (tákn með tali):

Það eru ekki allir sem geta tjáð sig með orðum því teljum við að Tákn með tali eigi að vera hluti af læsisstefnunni. En það eru ekki eingöngu börn með þroskafrávik sem geta nýtt sér táknin, því yngstu börnin geta notað þau þegar þau eru ekki farin að tala þannig og þannig gert sig skiljanleg.

Tákn með tali er byggt á náttúrulegri tjáningu og notuð svipbrigði og látbragð eins og greiða sér og vera heitt eða kalt. Einnig er stuðst við tákn sem eru sambærileg við tákn heyrnalausra. Táknin eru alltaf notuð með tali til að barnið fái tækifæri til að tileinka sér talað mál því tákn með tali er hugsað sem tímabundin stuðningur þar til barnið hefur öðlast færni í töluðu máli. Grundvöllur þess að barn náði að tileinka sér notkun á tákn með tali er að allir umhverfi barnsins noti táknin markvisst.

Börn sem eru með annað tungumál:

Þegar nemandi sem er með annað móðurmál en íslensku eða er tvítyngt fær pláss í leikskólanum er unnið eftir móttökuáætlun skólans.

Foreldrar eru boðaðir í viðtal til að skrifa undir vistunarsamning fyrir nemandann og um leið eru fylltar út upplýsingar um nemanda bæði almennar upplýsingar það er upplýsingablað og sértækar upplýsingar um uppruna barns og tungumál.

Ef þörf er á fá foreldrar afhentan orðalista sem þeir eru beðnir að fylla út til að auðvelda kennurum að eiga samskipti við nemanda og öfugt.

Í þessu fyrsta viðtali er nauðsynlegt að foreldrar fái góðar upplýsingar um starf skólans og hitt í þessu viðtali ef kostur er kennarann sem verður með nemanda í aðlögun eða kjarnastjóra kjarnans. Þessi persóna mun gegna hlutverki lykilpersónu í tengslum heimilis og skóla.

Aðlögun verður að taka mið af nemanda sérstaklega ef það er að fara frá foreldrum sínum í fyrsta skipti eða hefur ekki skilning á tungumálinu. Gott er að hvetja foreldrana til að tala móðurmál sitt við nemanda meðan á aðlögunarferlinu stendur. Móðurmálið er góður grunnur fyrir önnur mál og kunnátta í því veitir nemanda öryggi.

Meðan á aðlögun nemanda stendur eru foreldrarnir einnig að aðlagast nýju umhverfi og gott er að sýna þeim húsnæði skólans og fræða þau um hefðir og venjur í starfi hans. Þar gegnir lykilpersónan stóru hlutverki

Ef þörf er á túlk í samskiptum við foreldra á leikskólinn að hafa frumkvæði að því að bjóða hann einnig geta kennarar túlkað eða foreldrar taka með sér vin eða fjölskyldumeðlim sér til aðstoðar. Aldrei skal láta nemendur túlka fyrir foreldra sína.

Á hverju vori eru fjölþjóðavikur þar sem nemendur læra um upprunalönd vina sinna, tungumálið þeirra, fána landsins og menningu. Lykilpersóna nemanda og eða sérkennslustjóri hitta foreldra nemanda eins oft og þörf er á til að ræða stöðu eins eru almennar upplýsingar sendar heim á ensku ef þörf er á.

Vinafundir og lög mánaðarins:

Tvisvar í mánuði en haldin vinafundur og er annar þeirra opin það er foreldrum er boðið að koma og vera með á vinafundinum. Í byrjun hvers mánaðar eru kynnt lögð mánaðarins og er lögð áhersla á þau. Sérkennslan velur lögin með tilliti til árstíða, viðburða til dæmis þorrinn, höfð

eru í huga máhljóðin, tungubrjótar, lögin eru mis þung og létt til að allir geti tekið þátt. Þessi lög eru síðan söngin á vinafundinu en kjarnarnir skiptast á að stýra honum.

Sérkennsla:

Markmið sérkennsluteymis er að vera stuðningur við kennara og foreldra og veita ráðgjöf fyrir þau börn sem þurfa. Meðal annars er það hlutverk sérkennslu teymis að sinna íhlutun í formi einstaklingsáætlana fyrir barnið sem kennarinn nýtir og sérkennsla sér um að fylgja eftir.

Íhlutun getur verið margskonar til dæmis hugmyndir að málörvun og fleira.

Talmeinafræðingur Sjálands sér um greiningu barna og ráðgjöf. Hann skilar niðurstöðum til foreldra ásamt sérkennslu, veitir ráðgjöf til foreldra og aðstoðar við áætlanagerð þeirra barna sem hann prófar.

Önnur hlutverk sérkennslu eru að fylgjast með framvindu tungumáls hjá tvítyngdum börnum og veita ráðgjöf þegar þess þarf til dæmis með hugmyndum um orðaforðavinnu, notkun á Tákni með tali eða orðabók.

Hljóm er athugun á hljóð- og málvitund leikskólubarna og er það lagt fyrir elsta árgang skólans á haustönn. Þau börn sem skora undir 30 eru sett í 4-5 barna skólahóp og fá vikulega málörvun aukalega við markvissa málörvun kjarnans. Hljóm er síðan endurtekið aftur í janúar á þeim börnum og staðan þá endurmetin.

Sérkennsla sér einnig um málörvun, bæði einstaklings- og í minni hópum og veitir kennurum ráðgjöf með almenna málörvun kjarnanna.

Mat:

Einstaklingsmat sem hópstjóri gerir einu sinni í mánuði þar sem verið er að fylgjast með framförum og því sem barnið þarf að æfa sig.

Endurmat er gert einu sinni á ári þar sem allt starf skólans er metið

Einstaklingsáætlun sem sérkennsla gerir fyrir þau börn sem þurfa til dæmis aðstoð við málörvun

Hljóm og greiningarpróf/athuganir sem lögð eru fyrir bæði Hljóm og greiningarpróf sem talmeinafræðingar og sérfræðipjónusta leggur fyrir.

Foreldrar:

Ekki er nóg að huga eingöngu að málörvun í skólanum. Einnig er mikilvægt að unnið sé markvisst að henni heima fyrir. Hlutverk foreldra í máltöku ungra barna felst meðal annars í því að vera þeim góð fyrirmynd bæði í samræðum og lestri. Þau börn sem umgangast fullorðna sem ræða við þau, lesa fyrir þau og kenna þeim ný hugtök og orð, eiga yfirleitt auðveldara með að ná tókum á lestri. Hjá foreldrum sínum læra börn orðaforða og í gegnum samræður og lestrarstundir er lagður grunnur að bernskulæsi. Lestarstundir með foreldrum eru einnig dýrmætar samverustundir sem styrkir um leið tengsl foreldra og barns og örvar þannig félagsþroska barnsins.

Nokkur atriði sem er gott fyrir foreldra að hafa í huga þegar þeir lesa fyrir börnin sín:

- Lesa með þeim ólíka texta eins og sögur með flóknum texta, myndabækur, sögur sem ríma, fræðibækur og fleira.
- Lesa sömu bókina aftur og aftur. Þannig verður sagan börnunum kunnugleg og býður upp á fjölbreyttari, dýpri og flóknari umræður.
- Ræða efni bókarinnar áður en hún er lesin. Auðveldar lesturinn og barnið á auðveldara með að fylgja söguþræðinum ef það þekkir efni bókarinnar.
- Leiklestur auðveldar foreldrum að halda athygli barnsins og leggja áherslu á efni sögunnar.